

af málinu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 100.00. Þar af renni kr. 35.00 í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnandanum, Einari B. Guðmundssyni f. h. Snorra Jónssonar, kr. 253.85 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1937 til greiðsludags. Í málskostnað greiði stefndur samtals kr. 100.00. Renni kr. 35.00 af málskostnaðinum í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda sjálfs.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri að för að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1938.

Nr. 48/1937. **Réttvísir** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Jóni Halldórssyni (Jón Ásbjörnsson).

Ákæra um þjófnað, svik og vanrækslu í sýslun.

Dómur hæstaréttar.

Ákæruatriðin á hendur ákærða í máli þessu eru þrjú:

I. Að hann sé valdur að hvarfi 2000 króna úr sjóði Ágústs J. Johnson sparisjóðsgjaldkera, 27.—28. jan. 1936.

II. Að hann sé valdur að hvarfi 1000 króna úr bundnu og innsigluðu seðlabúnti, er í áttu að vera 25000 krónur í 100 kr. seðlum, og er þá brot þetta talið hafa verið framið 13.—15 nóvember 1935.

III. Að hann hafi gerzt sekur um refsiverða vanrækslu í starfi sínu sem aðalféhirðir Landsbankans síðan 2. okt. 1934, er hann tók við því starfi.

Um I.

Eins og í héraðsdómnum segir, var ákærði ekkert riðinn við flutning á sjóðkassa Ágústs J. Johnson eftirmiðdaginn 27. jan. 1936 niður í geymsluskáp þann í kjallara bankans, þar sem sjóðkassar gjaldkeranna fimm voru geymdir milli starfstíma bankans, né heldur við flutning kassans úr geymslu þessari upp í afgangsslusal bankans morguninn 28. s. m. Samkvæmt prófum málsins hafði ákærði engan lykil að kassa þessum fengið, og í málinu er ekkert komið fram um það, að hann hafi haft hugmynd um það, að í einu hólfi í skúffu Sigurðar gjaldkera Sigurðssonar væri lykill, sem kynni að mega nota til að opna téðan sjóðkassa með, né heldur, að opna mætti skúffu þessa með mörgum venjulegum skrifborðslyklum, og að ákærði hefði því getað auðveldlega í hana komizt. Ekki verður heldur ályktað af skýrslu vitnanna Þorbjargar Guðjónsdóttur og Sigurðar Sigurðssonar, að lykill þessi hafi nokkurn tíma verið hreyfður úr aftasta hólfinu í skúffu þessari, þar sem Sveinn Þórðarson hafði skilið hann eftir, er hann sleppti gjaldkerastörfum í hendur Sigurðar Sigurðssonar, á þeim tíma, er gefið er í skyn, að ákærði kynni að hafa náð í hann og notað hann til glæpsamlegs verknaðar, enda fannst lykill þessi rétt eftir hvarfið úr kassa Ágústs J. Johnson einmitt á þeim stað, þar sem Sveinn Þórðarson tjáist hafa skilið hann eftir, undir gömlum umslögum og smádóti, og gat hann vel hafa leynzt þar án þess að téð vitni, sem ekki tjást hafa vitað von lykilsins þar, yrðu hans vör. Og eru vitnin bæði samhljóða um það, að lykillinn hafi vel getað verið þarna, án þess að þau veittu honum eftirtekt. Þær grunsemdir, sem héraðsdómurinn hefir að geyma á hendur ákærða

um það, að hann kunni að hafa náð í lykil þenna og notað hann til að opna sjóðkassa Ágústs J. Johnson, hafa því ekki við rök að styðjast. Með þessum athugasemdum má fallast á niðurstöðu héraðsdómsins um sýknun ákærða af kæruatriði því, er hér greinir.

Um II.

Sig. Sigurðsson gjaldk. kannaðist við það í lög-reglurétti oftár en einu sinni, að umtal hafi orðið milli hans og ákærða um það, að umrætt seðlabúnt væri laust bundið, þegar Sigurður afhenti ákærða það 13. nóv. 1935. Þorvarður gjaldkeri Þorvarðsson hefir borið það í lögreglurétti, að hann hafi ekki tekið strax, er ákærði afhenti honum búntið, eftir því, að það væri losaralegt, heldur fyrst, er hann at-hugaði það nánar. Af samanburði milli vitnisburða þessara manna virðist enganvegin verða leidd nein ályktun um það, að búntið hafi verið nokkru losara-legra í böndum, þegar Þorvarður fékk það hjá á-kærða en þegar ákærði tók við því hjá Sigurði. Verður því enginn grunur felldur á ákærða af því, að breyting nokkur hafi orðið á búntinu frá því að hann tók við því af Sigurði og þar til hann afhenti Þorvarði það. Eftir prófum málsins virðast 1000 krónurnar hafa vantað í búntið, þegar Sigurður Sigurðsson afhenti ákærða það, en að öðru leyti vant-ar upplýsingar um feril þess frá því að það fór út úr útibúi Landsbankans á Klapparstig og þar til það kom úr Útvegsbankanum í Landsbankann 13. nóv. 1935. Með framangreindum athugasemdum má og fallast á niðurstöðu héraðsdómsins um sýknun á-kærða af þessu kæruatriði.

Um III.

Þetta kæruatriði greinist í þrjú undiratriði, er nú skulu talin:

1. Eins og í héraðsdómnum segir, tjáði Sveinn gjaldkeri Þórðarson ákærða sumarið 1935, að tekizt hefði að opna sjóðkassa Ágúst J. Johnson með sjóðkassalykli Sveins. Þegar ákærði svo kom til þeirra til athugunar á þessu, þá sögðu þeir honum, að þetta mundi vera óþarfa ómak fyrir hann, því að ekki hefði tekizt að opna kassann aftur með þessum hætti, og mundi þetta vera tilviljun ein. Sjálfir komu gjaldkerar þessir ekki með nein tilmæli um neinar aðgerðir út af þessu, og virðast því hafa talið fulltryggt, þótt við svo búist væri látið standa. Þótt segja megja, að varlegra hefði verið að láta annan hvorn gjaldkera þessara fá annan kassa, þá verður þó ekki talið, að ákærði hafi með því að láta sér nægja ummæli gjaldkeranna í þá átt, að hér mundi engra aðgerða við þurfa, og með því að haga sér samkvæmt því, gerzt sekur um vanrækslu, er refsingu varði.

2. Eins og í héraðsdóminum greinir, voru sjóðkassar allra fimm gjaldkera Landsbankans geymdir milli starfstíma bankans í sama járnskápnum í kjallara bankans, og gjaldkerarnir gátu fengið lykil að skápnum hjá ákærða til þess að láta þar inn og taka þaðan út sjóðkassa sína. Í tíð aðalféhirðis þess, er gegndi því starfi næst næst á undan ákærða, höfðu þeir starfsmenn bankans sinn lykilinn hver að kassageymsluskáp þessum, og var það óátalið af bankastjórn og um einn þeirra eftir beinu fyrirlagi hennar. Næsti fyrirrennari ákærða í aðalféhirðisstarfinu breytti þessu að visu svo, að því er virðist af sjálfdáðum, að hann einn hafði lykila að kassageymslu-

skápnum. Ákærði fekk engar fyrirskipanir um tilhögun á þessu hjá yfirboðurum sínum, er hann tók við starfanum, og óupplýst er, hvort nokkur skipun hefir verið um þetta gefin þar til mál þetta var höfðað. Í rannsókn út af atriðum þeim, er í I. og II. að framan getur, sem fram fór 29. jan.—12. febr. 1936, kom það skýrt fram, hver háttur var á lyklavaldi að skáp þessum hafður, og var engu um hann breytt, að því er séð verður, á tímabilinu 12. febrúar 1936 til 28. des. s. á., er rannsókn hófst aftur í lögreglu-rétti um áðurgreind atriði. Virðist af þessu öllu mega ráða, að yfirboðarar ákærða hafi ekki talið neitt athugavert við þessa tilhögun, enda óhugsandi, að þeim hafi ekki verið hún kunn. Ákærði taldi sér, eftir því, sem áður er sagt, óhætt að treysta því, að kassi hvers gjaldkeranna yrði einungis opnaður með sínum rétta lykli, og leit því svo á, að hættulaust væri að hafa þessa skipun, og sömu skoðunar hafa yfirboðarar hans væntanlega verið. Samkvæmt þessu verður ákærði ekki talinn hafa unnið sér til refsingar fyrir skipun þá, er hann hafði á um meðferð lykla að kassageymsluskápnum.

3. Ákærði taldi ekki þegar seðlana í búnti því, er í II. að framan getur, af því að hann og aðrir töldu þá umbúðaðinn svo öruggan, að ekki væri unnt að ná seðlum úr slíkum búntum, nema skorið væri á böndin, enda höfðu stundum komið laust bundin búnt úr Klapparstígsútibúinu áður, án þess að í þau vantaði, enda virðast og gjaldkerararnir, er við búnti þessu tóku hjá ákærða, hafa verið grunlausir í þessu efni. Þótt ákærði teldi ekki þegar seðlana í búnti þessu, verður hann því ekki talinn hafa gerst sekur um refsivert gáleysi.

Verður samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða

af öllum kærnum og kröfum réttvísinnar í máli þessu. Ber því að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða þar, 200 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 280 krónur til hvors, úr rikissjóði.

Í lögreglurétti Reykjavíkur þann 8. janúar 1937 var kveðinn upp úrskurður um það, að ákærði skyldi settur í gæzluvarðhald, og er sú ályktun rökstudd þannig, að hann sé „undir sterkum grun um að hafa stolið þeim peningum, sem rannsókn þessi er út af (þ. e. atriði þau, sem í I. og II. að framan greinir), en hann vill ekki við það kannast, og málið er enn ei fyllilega rannsakað.“ Var ákærði samkvæmt úrskurði þessum í gæzluvarðhaldi til 11. janúar 1937. Úrskurði þessum hefir ákærði fengið áfrýjað með málinu samkvæmt stefnu 7. janúar þ. á., og hefir verjandi hans krafizt ómerkingar á úrskurði þessum. Í rannsókn málsins hefir ekkert fram komið, er efni gefur til slíkra harðyrða í rökstuðningi á nauðsyn gæzluvarðhalds, og verður að átelja slíkt orðalag. Nauðsyn gæzluvarðhalds byggist á mati rannsóknardómarans á atvikum og aðstæðum. Brezkur maður, er tjáist hafa verið einkarannsóknari brotamála, hafði verið fenginn, að því er virðist, að tilhlutan forráðamanna Landsbankans, til að rannsaka efni þau, er í I. og II. að framan greinir. Hafði þessi maður fengið þá hugmynd, að ákærði væri sekur bæði um töku fjár úr sjóðkassanum og seðlabúntinu, og reynt að sýna rannsóknardómaranum fram á, að svo væri. Enda þótt eftirgrennslandir og hugleiðingar manns þessa virðist hafa leitt fátt og lítið í ljós, er máli skipti um sekt eða sýknu

manna, gat rannsóknardómarinn ekki, er hann kvað upp varðhaldsúrskurðinn, vitað, nema eftirgrennslanir manns þessa um málsatvik kynnu, beint eða óbeint, að leiða til staðraunar á brotum þeim, er um var að ræða, og að hugleiðingar hans um afstöðu ákærða kynnu að verða stoð í rannsókn og dómsálagningu í málinu. Það verður því, eins og á stóð, ekki talið, að mat rannsóknardómarans á nauðsyn gæzluvarðhalds í máli þessu hafi verið þannig, að ómerkja beri varðhaldsúrskurðinn. —

Með prófum málsins að lokinni rannsókn sendi héraðsdómarinn svokallaða „Ákæru“ (indictment), er framangreindur brezkur maður hafði samið á hendur ákærða. „Ákæra“ þessi, sem hefir að geyma margar staðhæfingar og ályktanir, sem enga stoð hafa í prófum málsins og mjög eru ákærða andstæðar, var ekki, svo að séð verði, borin undir ákærða áður en málið var sent dómsmálaráðuneytinu. Og verður að telja slíka meðferð óviðeigandi.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Halldórsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 200 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar 280 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóni Halldórssyni, aðalgjaldkera og skrifstofustjóra í Landsbanka Íslands, til heimilis að Hólavallagötu 9 hér í bæ, fyrir brot gegn 13. og 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 23. kapitula sömu laga sbr. lög nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráða-brigða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. nóvember 1889, og hefir hvorki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Þann 2. október 1934 var ákærður settur aðalféhirðir Landsbanka Íslands, og hefir hann gegnt því starfi síðan, og jafnframt hefir hann verið skrifstofustjóri bankans.

Atriðum þessa máls er rétt að skipta í þrennt:

Í fyrsta lagi peningahvarfið úr gjaldkerakassa Ágústs Johnsons sparisjóðsgjaldkera, í öðru lagi peningahvarfi úr seðlabúnti einu og í þriðja lagi, hvort ákærði hefir með vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu í bankanum gerzt sekur gegn ákvæðum 13. kapitula hinna almennu hegningarlaga. Verða nú þessi atriði athuguð hvert um sig.

1.

Veturinn 1935 til 1936 var sjóðvörzlu bankans þannig hagað, að aðalféhirðirinn, það er ákærði, fékkst ekki við talningu og hafði engan sérstakan kassa undir höndum, en við afgreiðsluna störfuðu 5 gjaldkerar, 2 í sparisjóðsdeildinni og 3 í öðrum deildum bankans. Gjaldkerar þessir höfðu hver um sig einn peningakassa undir höndum, og fylgdu hverjum kassa 2 lyklar að hvorum. Utan starfstíma gjaldkeranna voru kassar þessir geymdir í peningaskáp í kjallara bankans, og hafði ákærði einn manna lykil að þeim skáp. Þegar ákærði tók við aðalgjaldkerastarfinu, tók hann við tveimur lyklum að peningaskáp þessum eða kassageymslu, og hafði hann aðeins annan þessara lykla í notkun, en hinn geymdi hann meðal annara varalykla í seðlageymslu bankans, en henni er læst með tveimur mismunandi læsingum, og hafði ákærður lykil að annari þeirri læsingu, en aðalbókari bankans hafði lykil að hinni, og var því ekki unnt að

komast í seðlageymsluna, nema með báðum þessum lyklum í einu.

Lykil þann að kassageymslunni, er ákærði hafði í notkun, geymdi hann í læstri skúffu í eldtraustum skáp, sem víxlar bankans eru geymdir í, og er skápur sá í herbergi vestur af afgreiðslusal bankans, en það herbergi hafði ákærði til eigin afnota. Lykil þann að skúffu þeirri, er kassageymslulykillinn var geymdur í, geymdi ákærður í skúffu í skrifborði í áðurnefndu einkaherbergi sínu, og var sú skúffa jafnan ólæst í afgreiðslutímanum.

Er gjaldkerarnir þurftu að flytja sjóði sína í kassageymsluna eða sækja þá þangað, og ákærður var ekki viðlátinn í afgreiðslunni eða einkaherbergi sínu, gátu þeir náð í lykilinn að kassageymslunni sjálfir með því að taka lykilinn úr skrifborðsskúfunni og opna hina læstu skúffu í víxlaskápnunum, sem virðist oftast nær hafa verið ólæstur, og taka síðan kassageymslulykilinn. Gátu þeir síðan notað hann eftir þörfum og látið hann síðan á sama stað. Var það að ráði ákærða, að gjaldkerarnir höfðu þannig aðgang og not að þessum lykli. Slíkan umgang um kassageymsluna höfðu allir gjaldkerar bankans utan sparisjóðsdeildarinnar, en gjaldkerar sparisjóðsdeildarinnar hvorki fluttu né sóttu sína sjóði í kassageymsluna.

Var það venja, að einhverir hinna fyrrgreindu gjaldkera bæru kassa sparisjóðsgjaldkeranna á morgnana upp í afgreiðslusalinn, og eins, að einhver þeirra bæri þá niður í kassageymsluna að loknum starfstíma á daginn. Stundum annaðist ákærði sjálfur þennan flutning kassanna, annaðhvort einn eða hann var með einhverjum gjaldkeranna, en oft annaðist einhver gjaldkeranna það einn.

Að morgni þess 20. (sic) janúar 1936 kom Ágúst Johnson, gjaldkeri við sparisjóðsdeild bankans, að máli við ákærða og tjáði honum, að við athugun á kassa sínum þá um morguninn hefði hann orðið þess var, að í hann vöntuðu krónur 2000, er í honum höfðu verið daginn áður, þegar hann gerði upp og gekk frá kassanum. Hafi verið í honum eftir uppgjör daginn áður krónur 23060.00, þar af kr. 10000.00 í sérstöku umvafi, en nú vanti kr. 2000 í umvaf þetta. Fluttu þeir nú kassann inn í einka-

herbergi ákærðs, og taldi hann þar þá peninga, er í kassanum voru, og reyndust þeir vera samtals kr. 21060.00.

A. J. Johnson gjaldkeri hefir skýrt frá því, að hann sé þess algerlega fullviss, að peningar þessir hafi horfið úr kassanum frá því hann skildi við hann í lok starfstímans, þann 27. janúar, og þar til um morguninn 28. janúar. Við uppgjörið þann 27. janúar stóð svo sérstaklega á, að hann þritaldi sjóðinn. Fyrst taldist honum hann réttur, en í annað sinn vantaldi hann sjóðinn um 1000 krónur, en í þriðja sinn gekk hann fyllilega úr skugga um, að í kassanum væru kr. 23060. Telur hann því ekki geta komið til mála, að um mistalningu sína hafi verið að ræða.

Eftir þessa talningu gekk A. J. Johnsen frá kassa sínum og læsti honum með lykli, og bað hinn sparisjóðsgjaldkerann, Ingibjörgu Björnsdóttur, sem vinnur í sömu gjaldkerastúku og hann og þá hafði ekki lokið uppgjöri á sínum sjóði, að sjá um afhendingu á kassanum til flutnings niður í kassageymsluna. Fór A. J. Johnson síðan úr bankanum, en kassi hans stóð á borðinu hjá Ingibjörgu, meðan hún var að gera upp sinn sjóð og ganga frá sínum kassa. Þegar hún hafði lokið því, gekk hún yfir að gjaldkerastúku Sigurðar Sigurðssonar, gjaldkera við seðlabankann, og bað hann að annast flutning á sparisjóðsgjaldkerakössunum niður í kassageymsluna. Brá Sigurður strax við og náði í lykilinn að kassageymslunni inni í herbergi ákærðs, tók síðan kassana og bar þá niður í kjallara og kveðst hafa farið með þá rakleitt í kassageymsluna og sett þá þar inn og læst síðan kassageymslunni. Fór hann síðan áleiðis upp aftur til að sækja sinn eigin kassa, sem þá var tilbúinn, en í dyrunum úr afgreiðslusalnum niður í kjallarann mætti hann Þorvarði Þorvarðarsyni gjaldkera, er þá var á leið niður í kassageymsluna með sinn kassa. Afhenti hann þá Þorvarði lykilinn að kassageymslunni og hélt síðan áfram og sótti sinn kassa, og þegar hann kom aftur niður með hann, var Þorvarður búinn að koma sínum kassa fyrir í geymslunni, og eftir að Sigurður hafði sett sinn kassa þangað, læsti Þorvarður kassageymslunni með lyklinum, og fóru þeir síðan báðir upp úr kjallaranum, og lét Þorvarður lykilinn á sinn stað.

Við þennan flutning á kassa Johnsons var ákærði ekki riðinn, og hefir ekki orðið upplýst, að hann hafi um flutning þennan vitað fyrr en síðar, að farið var að grafast fyrir um peningahvarfið.

Ákærði hefir skýrt frá því, að um klukkan 10 mínútur yfir fimm þennan dag, þegar að Jón Leós gjaldkeri hafði lokið uppgjöri á sínum sjóði, hafi þeir báðir farið með kassa hans niður í kassageymsluna, og hafi hann þá sjálfur læst henni eftir að þeir höfðu komið kassanum þar fyrir. Hins vegar kveðst Jón Leós hafa farið úr bankanum á undan sparisjóðsgjaldkeranum þennan dag, og komi það því ekki til mála, að hann hafi farið með ákærða niður í kassageymsluna á þeim tíma, er ákærður segir.

Framburðum sínum um þetta atriði hafa þeir ákærði og Jón Leós ekki breytt undir rannsókn málsins, og stendur þar því staðhæfing gegn staðhæfingu, og hefir ekki reynzt unnt að upplýsa, hvort réttara er. Þó skal þess getið, að í einu réttarhaldi undir rannsókninni hefir ákærði talað um, að sig kunni að misminna um þetta atriði og það geti verið, að hann hafi verið einn, þegar hann gekk frá kassageymslunni. Að öðru leyti hefir hann haldið fast við staðhæfingu sína um þetta atriði.

Frá þessum tíma, þegar að ákærði læsir kassageymslunni og þangað til næsta morgun, hefir ekki upplýzt, að neinn hafi farið í kassageymsluna, hvorki ákærði né aðrir.

Næsta morgun kl. rúmlega 9 fékk Jón Leós kassageymslu lykilinn hjá ákærða og sótti sinn kassa í kassageymsluna og flutti þá einnig kassa A. J. Johnsons upp í hans gjaldkerastúku, og tók Johnson þar við honum sjálfur, og við athugun, er hann gerði þá, kom í ljós peningahvarfið, sem fyrr segir.

Í þessu sambandi ber þess að geta, að dag nokkurn nálægt miðju sumri 1935, eftir því sem næst verður komizt, voru þeir Ágúst Jón Johnson og Sveinn Þórðarson, sem nú er settur útibússtjóri við útibú Landsbankans í Hafnarfirði, staddir í gjaldkerastúku þess fyrrnefnda í afgreiðslusal bankans. Gegndi Sveinn þá gjaldkerastörfum í bankanum og notaði kassa þann, er Sigurður Sigurðsson gjaldkeri síðan fékk eftir að hann tók við gjaldkerastarfi Sveins, þegar hann tók við gjaldkerastarfi sínu í

Hafnarfirði. Barst þá tal þeirra að sjóðvörzlu bankans, og í því sambandi féllu orð þeirra á milli um, að ef til vill gengju lykjar gjaldkeranna hver að annars kassa. Í því sambandi reyndi Sveinn að opna kassa Johnsons með sinum lykli, og tókst það. Að því búnu gerði Sveinn ákærða aðvart um það, sem gerzt hafði, og kveðst hafa sagt við hann, að hér þyrfti einhverrar aðgerðar við. Ákærður var eitthvað upptekinn þá í augnablikinu, og í millitiðinni frá því, að Sveinn kallaði á hann og þangað til hann kom, reyndu þeir aftur að opna Johnsons kassa með Sveins lykli, en þá tókst þeim það ekki. Þegar svo ákærði kom til þeirra til að aðgæta þetta, sagði Sveinn honum, að þetta mundi vera óþarfa ómak fyrir hann, því nú gæti hann ekki opnað kassann. Gerði ákærði nú engan frekari reka að máli þessu, og féll allt tal um þetta atvik niður.

Undir rannsókn málsins hefir ákærði neitað, að hann myndi eftir þessu atviki. Þó hefir hann sagzt muna, að einhvern tíma hafi einhver minnzt á það við sig í bankanum, að tekizt hefði að opna kassa eins gjaldkeranna með lykli annars, og að í því sambandi hafi þess verið getið við sig, að seinna hafi það ekki tekizt. Þessu kveðst ákærði ekki hafa skipt sér af vegna þess, að sér hafi aldrei komið til hugar, að nokkur gjaldkeranna mundi nota sér, að lykill hans gengi að kassa annars gjaldkera til þess að stela úr honum.

Þar sem það því undir rannsókn málsins taldist sann- að, að ákærði hafði fengið vitneskju um það, að opna mætti kassa Johnsons með lykli þeim, er gekk að kassa Sveins, en Sigurður hafði til afnota á þeim tíma, er peningarnir hurfu, þá var athugað, hvernig gætt hefði verið lykla Sigurðar og hvort ákærði mundi hafa komizt yfir eða haft aðgang að öðrum þeirra og tekizt að opna með honum kassa Johnsons. Við þá athugun kom í ljós, að þegar Sveinn Þórðarson lét af störfum í bankanum, afhenti hann Sigurði sjóð þann, er hann hafði undir höndum og lykla að skúffunni í gjaldkerastúkuborðinu. Sveinn hafði haft undir höndum 2 lykla að kassanum, og ekki hefir upplýst, að um fleiri lykla að honum hafi verið að ræða. Annan þessara lykla bar hann alltaf á lyklakippu, og notaði hann þann lykil daglega. Þennan lykil afhenti

hann Sigurði. Hinn lykilinn geymdi hann í hólfi í skúffu þeirri í gjaldkeraborðinu, er hann var vanur að geyma smápeninga í. Innan við smápeningahólfin eru tvö hólfi og hefir ekki fyllilega tekizt að upplýsa, í hvoru þeirra hólfa lykillinn var geymdur. Í öðru þessu hólfi lá lykillinn með viðfestu merkisspjaldi með nafni Sveins rituðu á, og í hólfinu lágu auk þess fleiri lykklar og ýmislegt fleira smádót. Sveinn kveðst ekki muna glögglega, hvort hann sagði Sigurði frá lykli þessum, en heldur þó, að svo hafi verið, en Sigurður hefir stöðugt haldið því fram, að Sveinn hafi ekki getið um þennan lykil við sig, og kveðst hann hafa haldið, að hinn lykillinn að kassanum væri geymdur í einkaherbergi ákærðs. Aldrei kveðst hann hafa orðið lykils þessa var í skúffunni, og kveðst hann þó telja, að hann hefði hlotið að verða hans var, ef hann hefði verið þar. Þorbjörg Guðjónsdóttir, gjaldkeri í bankanum, gegndi gjaldkerastarfi Sigurðar þar, meðan hann var í frii haustið 1935. Afhenti Sigurður henni þá einungis einn lykil að kassanum og sagði henni, að ekki væri um fleiri lykla að honum að ræða. Hún skoðaði í skúffu þá, er lykillinn átti að vera í, þegar hún tók við starfinu, og varð ekki lykilsins vör, en telur sig þó hafa athugað svo vel í skúffuna, að hún hefði sennilega rekizt á lykilinn, ef hann hefði verið í henni.

Þegar Sveinn afhenti Sigurði kassann og lykilinn, gat hann ekki sérstaklega um það við ákærða né heldur sagði hann ákærða frá lyklinum í skúffunni.

Eftir að peningarnir hurfu úr kassa Johnsons, var Sveinn eitt sinn staddur í bankanum, og kom þá ákærði að máli við hann og spurði hann, hvort ekki hefðu verið til tveir lykklar að hans kassa, meðan hann hefði haft hann undir höndum. Kvað Sveinn svo hafa verið og sagði, að lykillinn hlyti að vera í gjaldkerastúku Sigurðar. Fór hann síðan til Sigurðar, er þá opnaði smápeningaskúffuna, og fann hann þá lykilinn á sama stað og hann hafði skilið við hann. Þegar að lykillinn fannst, lét ákærði engin orð falla í þá átt, að honum hefði verið kunnugt um, hvar lykillinn var niður kominn, og er það ósannað, að honum hafi verið það kunnugt. Er þessi lýsing byggð á skýrslu Sveins Þórðarsonar og sumpart á framburði Sigurðar Sigurðssonar. En um þessi atriði hefir framburður

ákærðs verið mjög óljós, og hann ekki talið sig muna þessi atvik.

Skúffu þá, sem aukalykill Sigurðar var geymdur í, mátti opna með mörgum venjulegum skrifborðslyklum. Þykir því mega ganga út frá því, að ákærða hafi verið innan handar að fara í skúffu þessa og hafa þannig aðgang að lyklinum. Framburður Sigurðar Sigurðssonar og Þorbjargar Guðjónsdóttur bendir til þess, að lykillinn hafi verið hreyfður úr skúffunni á tímabilinu frá því Sveinn Þórðarson lét af gjaldkerastörfum, unz hann vísaði á lykilinn í skúffunni, en eigi er það þó víst, með því að vera kann, að þeim Sigurði og Þorbjörgu hafi sézt yfir hann. En að því er ákærða snertir, er það hvorki sannað, að hann hafi haft lykilinn undir höndum né haft vitneskju um geymslustað hans.

Annað hvort sama daginn, sem peninganna var saknað, eða daginn eftir, var ákærður staddur með öllum gjaldkerunum niður í kassageymslunni, og prófaði þá ákærði, hvort lyklar þeirra gengju að kassa Johnsons, en þá tókst ekki að opna hann með lyklum hinna gjaldkeranna. En við þessa athugun kom í ljós, að lyklar þeirra Jóns Leós og Þorvarðar Þorvarðarsonar gjaldkera voru alveg samskonar og gengu að kössunum á víxl. Eigi hefir upplýzt, að neinum hafi áður verið um þetta kunnugt. Mjög skömmu síðar fór ákærði með Sigurði gjaldkera niður í kassageymsluna, og reyndi hann þá að opna kassann með lykli Sigurðar, og tókst það þá greiðlega.

Ákærði hefir undir rannsókn málsins stöðugt þrætt fyrir það að vera valdur að umræddri sjöðvöntun í kassa A. J. Johnson gjaldkera, sem ekki er nánar en að framan greinir upplýst um, hve nær eða með hvaða hætti hafi orðið. Og með því að sú ályktun verður ekki dregin af þeim gögnum öðrum, sem fyrir liggja í málinu og rakin hafa verið, að ákærði sé sekur um þetta athæfi, þá ber að sýkna hann af þessu atriði ákærunnar.

2.

Hinn 15. nóvember 1935 stóð þannig á, að Jón Leós gjaldkeri þurfti að greiða til ríkisféhirðis allstóra peningaupphæð, og var sendimaður frá ríkisféhirði staddur við afgreiðslustúku gjaldkerans til að taka við peningunum.

Hringdi gjaldkerinn þá til ákærða og það um seðlabúnt, og kom hann þá brátt með seðlabúnt og afhenti gjaldkeranum það orðalaust. Í búnti þessu áttu að vera kr. 25000.00. Þegar gjaldkerinn tók við búntinu, veitti hann því ekki strax athygli, að það væri laust í böndunum, en þegar hann ætlaði að opna það og brá hníf undir bandið, til að skera á það, tók hann eftir því að bandið gaf óvenjumikið eftir. Þegar hann hafði losað umbúðirnar af seðlunum og hann fór að athuga innihald búntsins, tók hann eftir því, að í því voru ekki nema 24 þúsund krónur. Í því voru 3 seðlapakkar, einn með 5 þúsund krónum, annar með 10 þúsund, en einn með 9 þúsund krónum, en í hinum síðastnefnda pakka áttu að réttu lagi að vera 10 þúsund krónur.

Búnt þetta var bundið og lakkað í Austurbæjarútibúi Landsbankans hér í bæ þann 28. desember 1934, og áttu samkvæmt áritun á það að vera í því 25 þúsund krónur. Á þeim tíma, er búnt þetta var bundið, hafði Sigurjón Jónsson, þáverandi gjaldkeri og umsjónarmaður útibúsins, það verk á hendi í útibúinu, að telja í búntin, binda þau og ganga frá þeim. Hefir hann skýrt frá því, að hann hafi ætíð tvítalið í hvert búnt, og telji hann því útilokað, að sér hafi nokkurntíma mistalízt, og að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi aldrei verið yfirballance í kassa hans, svo neinu nemi.

Það hefir því við alla rannsókn málsins verið gengið út frá því, að búntið hafi upphaflega innihaldið 25 þúsund krónur. Þegar rakinn er ferill þessa seðlabúnts, kemur í ljós, að þann 13. nóvember 1935, eða tveimur dögum áður en peninganna var saknað úr því, var það afhent Sigurði Sigurðssyni, gjaldkera Landsbankans, sem greiðsla til bankans frá Útvegsbanka Íslands h/f. Frá því að það var bundið og þangað til þennan dag er því ekki annað um það vitað, en að það hafi verið flutt úr Austurbæjarútibúinu niður í aðalbankann, því að þangað eru öll búnt frá útibúinu fyrst flutt, og að það hefir síðan komið til Útvegsbankans. Á öllu þessu tímabili var búntið ekki tekið upp.

Eigi er upplýst, hver flutti seðlabúnt þetta úr Útvegsbankanum í Landsbankann umrætt skipti og afhenti það þar Sigurði Sigurðssyni. En gjaldkeri Útvegsbankans hefir

borið, að ekkert seðlabúnt hafi verið afgreitt til Landsbankans, er komið hafði í ljós um, að væri lausara eða losaralegar bundið en venja er til um slík búnt.

Sigurður Sigurðsson hefir skýrt frá því, að hann muni það ekki með vissu, hvort hann veitti því nokkra eftirtekt, að búntinu væri nokkuð áfátt, hvað umbúðir snerti, þegar hann tók við því af sendimanni Útvegsbankans. Sama daginn og hann tók við búntinu afhenti hann það ákærða, eins og venja er til í bankanum með slík búnt. Þegar ákærði tók við því, hafði hann orð á því við Sigurð, að búntið væri óvenju losaralega bundið, og hefir ákærði skýrt frá því, að hann hafi oft áður fjallað um losaralega bundin búnt í bankanum, en þó hafi þetta verið alveg sérstaklega áberandi laust bundið.

Flutti ákærði nú búntið í seðlageymslu bankans, en daginn eftir, þegar Þorvarður Þorvarðarson gjaldkeri þurfti að fá seðlabúnt hjá ákærða til notkunar þá um daginn, afhenti ákærði honum þetta sama búnt, án þess að geta nokkurs sérstaks um það. Þegar til kom, þurfti Þorvarður ekki á búntinu að halda um daginn og opnaði það því ekki. Þegar hann fékk búntið, veitti hann því athygli, að það var óvenjulega losaralega bundið. Í lok starfstímans um daginn afhenti hann svo ákærða aftur búntið, og flutti ákærði það enn í seðlageymsluna. Daginn eftir fékk Jón Leós búntið, og kom þá í ljós, að í það vantaði, eins og áður segir.

Ekki er vitað, að ákærði hafi haft nein afskipti af búnti þessu fyrr en þann 13. nóvember, er hann tók við því úr höndum Sigurðar Sigurðssonar gjaldkera. Hann hafði þá strax orð á því við Sigurð, að búntið væri óvenjulega laust bundið. Hins vegar kveðst Sigurður ekki minnst þess, að hann hefði veitt þessu athygli meðan hann hafði búntið undir höndum. Daginn eftir, þegar á ákærði afhenti Þorvarði Þorvarðarsyni búntið, tók Þorvarður eftir því, að það var alveg óvenjulega laust í böndunum. Ef bornir eru saman framburðir þeirra Þorvarðar og Sigurðar, mætti af þeim álykta sem svo, að frá því Sigurður afhenti ákærða búntið og þangað til ákærði afhenti Þorvarði það, hefði búntið breytzt þannig, að það hefði losnað í böndum, eða með öðrum orðum, að í millitiðinni hefðu verið teknar úr því þær 1000 krónur,

er í það vantaði. Þetta er þó engan veginn víst. Bæði er það, að ákærði tók eftir því sjálfur og hafði orð á því, að búntið væri óvenjulega laust í böndum, er hann tók við því af Sigurði, og vel má vera, að Sigurður hafi einnig tekið eftir því, að búntið var losaralegt, þó að hann við prófin gæti ekki um það borið, enda er hans framburður um þetta ekki skýr. Eins getur ósamræmi það, sem er milli framburðar Sigurðar og Þorvarðar um þetta atriði, stafað af misjafnlega skarpri athyglisgáfu þeirra, þannig að Þorvarður hafi tekið eftir séreinkenni á búntinu, sem Sigurður ekki tók eftir, þó að það væri fyrir hendi, þegar hann hafði búntið undir höndum. Það verður því ekki talið sannað, að búntið hafi á nokkurn hátt breytt á umræddu tímabili, meðan það var í vörzlu ákærða.

Ákærði kveðst hafa þekkt, að hið umrædda búnt var það sama, sem hann tók við hjá Sigurði, á þeim atriðum, sem hér á eftir verða talin: Fyrst og fremst kveðst hann hafa þekkt það á því, að það var með merki Austurbæjarútibúsins og á það ritað með grænu bleki með rithönd Sigurjóns Jónssonar, er áður er nefndur. Ennfremur kveðst hann hafa þekkt það á því, að hann hafi geymt það eitt út af fyrir sig í seðlageymslunni í þeim hluta hennar, sem geymd voru seðlabúnt þau, er ætluð voru til daglegrar notkunar í bankanum. Kveðst hann hafa geymt það eitt út af fyrir sig af því, hve óvenjulega laust það var bundið.

Nú er það svo, að á þessum tíma voru mörg fleiri seðlabúnt frá Austurbæjarútibúinu í bankanum, og Sigurjón Jónsson hafði þá um langt skeið notað grænt blek við áritun á seðlabúnt, svo að þessi atriði hafa ekki getað verið nein glögg séreinkenni. Má því ætla, að ákærði hafi frekast þekkt, að um sama búntið var að ræða, af því, að hann hafi ávallt haldið búntinu út af fyrir sig. En eins og síðar verður nánar að vikið, virðist það harla óeðlileg ráðstöfun ákærða sem aðalgjaldkera bankans, að halda þessu óvenjulega laust bundna búnti sérstöku án þess þá jafnframt að telja í því, og einmitt að reyna að koma því sem fyrst í umferð.

Sé gengið út frá því, að rétt hafi verið talið í búntið upphaflega, virðist ljóst, að peningar þeir, er í búntið vöntuðu, hafi verið teknir úr því án þess að losa af því

böndin eða rjúfa innsiglin. Einn starfsmaður bankans hefir skýrt frá því undir rannsókn málsins, að sér hafi dottið í hug aðferð, er nota mætti í þessum tilgangi, og hafi hún tekizt, og með henni hefir reynzt unnt að ná þeirri upphæð, er úr búntinu hvarf, úr vel bundnu búnti á circa þriggja mínútna tíma, án þess að nokkur merki þess sæjust á búntinu á eftir, nema að það óhjákvæmilega varð lausara í höndum. Framkvæmdi þessi starfsmaður þetta á þann hátt, að hann stakk tveim pappirshnífum inn í búntið og vatt seðlana síðan út úr því með þeim, án þess að umbúðirnar röskuðust við það.

Maður þessi átti tal um þetta við ákærða, og þeir reyndu aðferðina báðir saman, en ekkert hefir komið í ljós, er bendi á, að ákærði hafi að fyrra bragði gert sér grein fyrir neinni aðferð, er nota mætti í nefndum tilgangi.

Hér að framan hafa verið talin öll þau helztu atriði, er að ákærða lúta viðvikjandi vöntun umræddra 1000 króna í seðlabúntið. Hefir ákærði stöðugt neitað að vera valdur að hvarfi þessara peninga, og eins og málsatvik þau, sem að framan er lýst, bera með sér, hefir rannsóknin ekki á annan hátt leitt það í ljós, að ákærði eigi sök á því. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar, hvað það snertir.

3.

Hér að framan hefir verið rætt um hin meintu auðg-unarbrot ákærða, og sú niðurstaða fundin, að hann beri að sýkna af ákærum réttvisinnar um þau.

Er þá eftir að athuga, hvort ákærði hefir með van-rækslu eða hirðuleysi í starfi sínu í Landsbankanum gerzt sekur um brot gegn 13. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Skal þetta nú athugað.

Eins og áður segir, var það á sumrinu 1935, að Sveinn Þórðarson, þáverandi gjaldkeri við bankann, sagði ákærða, að tekizt hefði að opna gjaldkerakassa A. J. Johnsons með sínum gjaldkerakassalykli, og að út af því þyrfti einhverjar ráðstafanir að gera. Þegar ákærði ætlaði að athuga þetta og kom til Sveins og Johnsons, þar sem þeir voru hjá umræddum kassa, sagði Sveinn honum, að þetta mundi vera ómak fyrir hann, því að nú gæti hann ekki opnað kassann. Út af þessu atviki aðhafðist ákærði ekkert, og féll það í þagnargildi.

Eitt höfuðverkefni aðalféhirðis bankans verður að teljast eftirlitið með aðstoðargjaldkerunum, og ætti aðalféhirðirinn að geta gætt þessa sérstaklega gaumgæfilega, þegar hann sjálfur hefir ekki á hendi talningu eða venjuleg gjaldkerastörf, eins og tilfellið var með ákærða. Það er því greinilega hlutverk aðalféhirðis að hafa eftirlit með hinum einstöku peningakössum aðstoðargjaldkeranna, að þeir séu fullkomlega í lagi, og að lykilar að kassa eins þeirra gangi ekki að kassa eða kössum annara, og það því fremur sem gjaldkerarnir fóru tíðum einir í kassageymsluna, eins og fyrr segir.

Það verður því að telja, að það hafi verið fortakslaus skylda ákærða, þegar honum var sagt frá því, að tekizt hafði að opna kassa Johnsons með lykli Sveins, að skerast í málið og fullvissa sig sjálfur um, hvað rétt væri í þessari frásögn, og ef hún reyndist rétt, þá að bæta úr göllunum. Þetta var honum skylt að gera, enda þótt Sveinn segði honum, að sér hefði ekki tekizt að opna kassann, þegar hann reyndi það aftur, því að sú staðreynd var fyrir hendi, að þetta hafði í eitt skipti tekizt. Þetta atferli ákærða verður að teljast stórkostleg vanræksla í starfi hans og varða við 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

Þá skal athuga umsjón ákærða með kassageymslunni, sem er fjárhirzla sú, er um ræðir í 81. gr. reglugerðar nr. 83 21. desember 1928, um Landsbanka Íslands. Reglugerð þessi gerir einungis ráð fyrir einum féhirði við bankann, en vegna vaxandi starfa bankans og skiptingar hans í þrjár starfsdeildir samkvæmt 1. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928 hefir reynzt óhjákvæmilegt að hafa fleiri starfandi féhirða. Reglugerðin gerir ráð fyrir, að féhirðir bankans hafi einn lykil eða lykila að fjárhirzlu þeirri, er honum sé fengin, og á þeim tíma, er hér skiptir máli, var það ákærði einn, sem hafði lykila að fjárhirzlu þessari eða kassageymslu. Annan lykilinn, er hann taldi varalykil, geymdi hann í seðlageymslu bankans, og er það í samræmi við fyrirmæli 82. greinar bankareglugerðarinnar.

Skal nú vikið að gæzlu ákærða á hinum lyklinum, sem notaður var daglega.

Eins og fyrr segir, geymdi hann lykil þennan í læstri skúffu í víxlaskápnnum í einkaskrifstofu sinni, en lykil-

inn að skúffu þessari geymdi hann í ólæstri skúffu í skrifborði sínu. Var því auðvelt fyrir hvern þann, sem aðgang hafði að herberginu og vissi um þetta, að ná í lyklinn og þannig skapa sér möguleika til að komast í kassageymsluna. Um þessa tilhögun vissu gjaldkerarnir og gengu að lyklinum, þegar þeir þurftu hans með, án þess að ákærði kæmi þar nærri, og var það með fullri vitund og vilja ákærða, að þeir á þann hátt flyttu gjaldkerakassana í kassageymsluna.

Í 81. gr. bankareglugerðarinnar er, eins og áður greinir, boðið, að féhirðir skuli einn hafa lykil að fjárhirzlu þeirri, sem hér um ræðir, en af þessu boði leiðir það aftur, að honum er almennt óheimilt að láta þann lykil af hendi við aðra.

Þar sem ákærði hafði ekki með höndum talingu neins sjóðs eða annað staðbundið starf, heldur hafði umsjón með hinum gjaldkerunum, verður að líta svo á, að engin þau atvik séu fyrir hendi, er leysi hann undan framangreindu reglugerðarákvæði. Hann hefir því með því að láta aðra hafa aðgang að lyklinum og ganga um fjárhirzluna, eins og áður greinir, brotið gegn nefndu ákvæði reglugerðarinnar á þann hátt, að varða þykir við 144. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

Það er upplýst við rannsókn málsins, að í bankann hafa oft komið laust bundin seðlabúnt, þar á meðal frá útibúi Landsbankans hér í bænum, en ekki virðist ákærði neitt hafa gert til þess að lagfæra það, hvorki með því að telja í búntunum og binda þau fastara, né með því að brýna fyrir starfsmönnum útibúsins að vanda fráganginn á búntunum betur.

Það seðlabúnt, sem máli skiptir hér, hefir ákærði talið hafa verið alveg óvenjulega laust í böndum, svo að hann hafi ekki orðið var við jafnlaust búnt í bankanum. Þessu kveðst hann strax hafa veitt athygli, þegar hann fyrst fékk búntið í hendur.

Það verður nú að líta svo á, að þar sem ákærði varð þess var, að búntið var alveg óvenjulega laust bundið, þannig að það skar sig úr öðrum laust bundnum búntum, hafi honum sem aðalgjaldkera bankans borið skylda til að athuga búntið og telja í því, eða láta telja í því tafar-

laust, og áður en það yrði látið af hendi við starfsmenn bankans eða aðra.

Vanræksla ákærða í þessu efni verður að teljast víta-verð og refsiverð samkvæmt 144. sbr. 145. gr. hegningarlögganna.

Að öðru leyti en að framan segir verður ekki talið, að ákærði hafi í starfi sínu orðið sekur um refsiverða vanrækslu eða hirðuleysi.

4.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, er eigi fram komin í málinu sönnun fyrir því, að ákærði hafi orðið sekur um nokkurt auðgunarbrot. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 23. og 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og hér að lútandi ákvæðum 13. kapitula hegningarlögganna. Hins vegar hefir hann samkvæmt framansögðu gerzt brotlegur gegn 144. sbr. 145. grein hegningarlögganna, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlögganna eftir mála-vöxtum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber og að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Halldórsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.